

Re: Beiðni um umsögn - Tillaga að skipulagsbreytingum á vinnslustigi - Fiskeldi í Viðlagafjöru

Búið til	8.6.2022 12:46:59
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	8.6.2022 12:46:58
Tilheyrir	202205-0031 - Tillaga að skipulagsbreytingum á vinnslustigi - Fiskeldi í Viðlagafjöru

Efni

Re: Beiðni um umsögn - Tillaga að skipulagsbreytingum á vinnslustigi - Fiskeldi í Viðlagafjöru

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	8.6.2022 12:46:58	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	dagny@vestmannaeyjar.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202205-0031 (SS, IAS).

Vísað er til tölvupósts frá Vestmannaeyjabæ dags. 20. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýju deiliskipulagi vegna fiskeldis í Viðlagafjöru.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu vegna þessara mála þann 16. september 2021. Einnig veitti stofnunin umsögn um matsáætlun eldisstöðvarinnar til Skipulagsstofnunar þann 23. júlí 2021.

Í umsögn sinni um skipulagslýsingu benti Náttúrufræðistofnun á að fyrirhugaðar framkvæmdir vegna fiskeldis og vegagerðar því tengt munu raska enn frekar hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. Gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, þ.e.a.s. hrauni úr Heimeyjargosinu 1973. Þá var bent á að skipulagssvæðið liggur þétt upp að hverfisverndarsvæði Þorbjörns (HV6) en þar eru leifar af gígbarmi Eldfellsins sem brotnaði frá og fluttist með hraunflæði til sjávar. Þessar jarðminjar hafa hátt verndargildi. Þessar ábendingar eiga enn við.

Náttúrufræðistofnun vill jafnframt benda á eftirfarandi atriði er varða skipulag fiskeldisins í Viðlagafjöru:

Áætluð staðsetning viðtakatjarnar er ekki nema í um 50 metra fjarlægð frá þeim borholum sem næstar eru. Er tryggð að lektin sé ekki það mikil að vatnið far ósíað aftur inn í kerfið?

Gert er ráð fyrir 33 kV háspennustreng fyrir rafmagn, fjarskiptastreng og vatnslögnum. Væntanlega mun rafmagnið allt vera í jarðstreng, en ef gert er ráð fyrir raflínum þarf það að koma skýrar fram.

Færa á náttúrulegan fjörुकamb fjær fjörunni og hann hækkaður og til þess þarf umtalsverða efnisflutninga. Er ekki hætt á að með þessu aukist rof og að ströndin færist smám saman nær nýja „ölduvarnarsvæðinu“ og hugsanlega grafi undan því? Það mætti skýra betur hvernig þessar brimvarnir munu virka og áhrif þeirra á fjöruna.

Þrátt fyrir umtalsverða minnkun á efnistökusvæði E-1 er áfram gert ráð fyrir umtalsverðri starfsemi þar s.s. móttöku efnis, endurvinnslu og geymslu sem og staðsetja iðnaðarstarfsemi því tengt. Erfitt er að sjá að hægt sé að koma þessu öllu fyrir en samt viðhalda góðri ásýnd á svæðinu.

Stefnt er að því að slétta undirlag á svæði I-3 að miklu leyti. Ef það svæði verður slétt alveg að mörkum hverfisverndarsvæðis HV-6 (Þorbjörn) mun brattinn upp að fellinu aukast töluvert. Tryggja þarf að það leiði ekki til frekara rofs úr fjallinu með skemmdum á verðmætum jarðminjum. Sömuleiðis á viðtakatjörnin að liggja nánast alveg að HV-6 og vera í lægra plani en eldiskerin. Til að það sé hægt þarf að fjarlægja töluvert efni. Við það er ekki hjá því komist að það myndist hár stallur ef ekkert á að taka af svæði HV-6. Huga þarf vandlega að þessu og meta ásýndaráhrif.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Dagný Hauksdóttir" <dagny@vestmannaeyjar.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn - Tillaga að skipulagsbreytingum á vinnslustigi - Fiskeldi í Viðlagafjöru

Date: 20.5.2022 14:49:16

Góðan dag,

Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyja samþykkti þann 20. apríl 2022 að hefja samráðsferli vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna fiskeldis í Viðlagafjöru og nýs deiliskipulags fyrir fiskeldið.

Viðlagafjara er á svæði austast í Vestmannaeyjum sem myndaðist í Heimaeyjargosinu 1973. Í fjörunni hefur um nokkur skeið verið efnistökusvæði þar sem unninn er sandur úr fjörunni og rauðmöl- og gjall numið. Með fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu verður svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði og fyrirhugað að þar komi fiskeldi. Svæðið er einnig stækkað til suðvesturs þar sem nú er jarðefna pittur.

Deiliskipulags tillagan gerir ráð fyrir tveim lóðum. Fyrirtækið Icelandic Land Farmed Salmon (ILFS) hefur fengið vilyrði frá Bæjarstjórn Vestmannaeyja um nýtingu á lóðunum til fiskeldis. Á annarri lóðinni hefur fyrirtækið þegar hafið hönnunavinnu og er fyrirkomulag og kvaðir þeirrar lóðar því skilgreindar í tillögu deiliskipulagsins. Í deiliskipulagi er einnig gert ráð fyrir svæði til norðurs þar sem áfram verður hægt að vinna sand úr fjörunni.

Umhverfisskýrsla hefur verið unnin til að meta áhrif þessara áætlana á helstu umhverfisþætti. Umhverfisskýrslan metur þrjá valkosti, 1) Fiskeldi í Viðlagafjöru, 2) 0-kost, og 3) Fiskeldi á athafnarsvæði vestan við Viðlagafjöru AT-2 (sem var tilgreint sem valkostur í Aðalskipulagi).

Fiskeldi í Vestmannaeyjum er talið geta skotið stoð undir þjónustu og vinnslu útgerðar á svæðinu. Breyting styður við meginmarkmið Aðalskipulags Vestmannaeyja um öflugt atvinnusvæði þar sem sjávarútvegurinn er meginstoðin og að aðstaða þessara greina verði eins og best getur orðið. Breytingin er einnig í samræmi við markmið aðalskipulagsins um svæði fyrir fiskeldi á landi, en núverandi staðsetning þykir fýsilegri kostur en þeir sem tilgreindir voru.

Meðfylgjandi er tillaga á vinnslustigi að aðalskipulagsbreytingu, deiliskipulagi og umhverfisskýrsla.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar vil ég óska umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir 2. júní 2022. Það verður aftur leitað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þegar skipulagið fer í auglýsingu.

Kær kveðja, Dagný Hauksdóttir

Skipulags- og umhverfisfulltrúi Vestmannaeyja

Viðhengi

image001.png (5 KB)